

Ed.

416. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka á leigu sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, eða taka afnot sildarbræðslustöðvarinnar eignarnámi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka á leigu næsta sildveiðitímabil sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef samkomulag næst við eiganda verksmiðjunnar um viðunandi leiguskiðmála.

2. gr.

Nú nást eigi, að dómi ríkisstjórnar, viðunandi samningar um leiguskiðmála við eiganda sildarverksmiðjunnar, og skal þá ríkisstjórninni heimilt að láta fara fram eignarnám á afnotum verksmiðjunnar fyrir sildveiðitímabilið 1933, eða svo lengi sem þörf er á afnotum verksmiðjunnar vegna vinnslu sildar frá sildveiðitímabilinu 1933.

3. gr.

Þá er ríkisstjórnin hefir tekið umrædda sildarbræðslustöð á leigu samkv. 1. gr., eða látið fara fram eignarnám sér til handa á afnotum verksmiðjunnar skv. 2. gr., skal ríkisstjórnin láta starfrækja verksmiðjuna í sambandi við sildarbræðslustöð ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fram hefir verið borin þingsályktunartillaga um að heimila ríkisstjórninni að taka á leigu sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, en flutningsmaður frv. þessa telur aðstöðu ríkisstjórnarinnar sterkari með því að samþykkja heimildina í frumvarpsformi. Auk þess er með lögum hægt að heimila ríkisstjórninni að taka sér til handa eignarnámi afnotarétt verksmiðjunnar, og er slík heimild veitt í 2. gr. frv.